

Fyrir var tekið: Málið A — 535/1962

Jón Ragnarsson

gegn

Höskuldi Dungal.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Rvíkur nr. 1112/1962.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 30.000.00 með 9% ársvöxtum frá 14. 12. '61,  $\frac{1}{3}\%$  í þóknun, kr. 4.200.00 í málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og er mættur.

Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, jarðhæð í húseigninni nr. 7 við Hjálmholt. Gerðarþoli tekur fram, að hann sé ekki enn skráður eigandi íbúðarinnar.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 27. apríl 1966.

Nr. 186/1964. **Karl Svavar Þorsteinsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Jóni Viðari Viggóssyni og gagnsök**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Ákvörðun refsingar frestað. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1964. Eru kröfur hans þessar:

1. Að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnfrýjanda.

2. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 50.000.00, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til refsingar samkvæmt ákvæðum 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla og vítur á hendur lögmanni gagnáfrýjanda.
3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. nóvember 1964.

Eru kröfur hans þessar:

1. Að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda.
2. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 130.629.05 með 8% ársvöxtum frá 28. apríl 1961 til greiðsludags og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til refsingar samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að frestur til niðurfalls refsingar telst frá uppsögu dóms þessa..

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Karl Svavar Þorsteinsson, telst sekur um líkamsárás, en ákvörðun refsingar skal fresta og hún niður falla, ef hann gerist ekki sekur um nýtt brot, sbr. 60. gr. laga nr. 19/1940 og 7. gr. laga nr. 22/1955, næstu tvö árin eftir uppsögu dóms þessa og greiðir síðargreindar bætur ásamt vöxtum og kostnaði eftir getu sinni.

Gagnáfrýjandi, Jón Viðar Viggósson, telst sekur um líkamsárás, en ákvörðun refsingar skal fresta og hún niður falla, ef hann gerist ekki sekur um nýtt brot, sbr. 60. gr. laga nr. 19/1940 og 7. gr. laga nr. 22/1955, næstu tvö árin eftir uppsögu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 42.377.43 með 7% ársvöxtum frá 28. apríl 1961 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ummæli lögmanns gagnáfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, sem rakin eru í héraðsdómi, skulu vera dauð og ómerk.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóvember 1964.**

Mál þetta var tekið til dóms 12. október s.l. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 30. apríl 1963. Gagnsök var þingfest 20. júní 1963.

Aðiljar málsins eru Jón Viðar Viggósson matsveinn, Túngötu 7, Reykjavík, aðalstefnandi, og Karl Þorsteinsson bakarameistari, Ljósheimum 20, Reykjavík, gagnstefnandi.

##### **Dómkröfur:**

**Aðalsök:** Aðalstefnandi (Jón Viðar Viggósson) krefst þess, að aðalstefndi verði dæmdur til að:

Sæta hinni þyngstu refsingu, sem orðið getur eftir 217. gr. almennra hegningarlaga.

Greiða aðalstefnanda kr. 130.629.05 í skaðabætur ásamt 8% vöxtum p. a. frá 28. apríl 1961 til greiðsludags.

Greiða aðalstefnanda málskostnað að skaðlausu.

Aðalstefndi (Karl Þorsteinsson) krefst sýknu og málskostnaðar.

**Gagnsök:** Gagnstefnandi (Karl Þorsteinsson) krefst þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að:

Greiða gagnstefnanda kr. 50.000.00 í miskabætur samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga.

Sæta refsingu samkvæmt 217. gr. sömu laga.

Greiða gagnstefnanda málskostnað.

Þá krefst gagnstefnandi þess, að ummæli í greinargerð lögmanns gagnstefnda, sem rakin verða síðar, verði dæmd dauð

og ómerk og lögmaðurinn, Gústaf A.. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, látinn sæta vítum.

Gagnstefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

*Málavextir:*

Að kvöldi hins 4. febrúar 1961 voru aðiljar máls þessa staddir í veitingahúsinu Storkklúbbnum við Fríkirkjuveg, hér í borg, og neyttu báðir víns.

Ekki hefur aðalstefnandi skýrt frá, hversu mikils áfengis hann neytti. Vitnið Vilhjálmur Ásmundsson (fæddur 22. ágúst 1940), sem fór með aðalstefnanda á veitingahúsið, hefur hins vegar skýrt svo frá, að aðalstefnandi hafi keypt sér tvöfaldan sjúss, strax og þeir komu þangað, en ekki kveðst Vilhjálmur hafa séð aðalstefnanda drekka meira. Hins vegar kvaðst Vilhjálmur hafa horfið á braut um skeið, en hafa hitt aðalstefnandann aftur á hlaðinu utan við veitingahúsið um kl. 0110. Eftir það segir hann aðalstefnanda hafa farið inn í eldhúsið og komið þaðan rétt fyrir kl. 2, „og sá ég, að hann var greinilega búinn að bæta á sig einhverju víni, en hann var ekki fullur“. Vitnið Reynir Guðmundsson (fæddur 18. júní 1943) hitti aðalstefnanda í Storkklúbbnum og slóst í för með honum, enda eru þeir systkinasynir. Reynir hefur skýrt svo frá, að aðalstefnandi hafi „neytt lítills háttar áfengis, en það mun hafa verið mjög lítið, því lítið sást á honum“. Aðalstefndi skýrir svo frá, að aðalstefnandi hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis, er þeir hittust utan við veitingastaðinn, eins og síðar greinir.

Lagt hefur verið fram í málinu áverkavottorð frá Slysavarðstofunni í Reykjavík, undirritað af Tryggva Þorsteinssyni lækni 13. febrúar 1961. Þar segir, að aðalstefnandi hafi skýrt svo frá, er hann kom í slysavarðstofuna 5. febrúar, að hann hefði dreypt á víni, en neitað því aðspurður að hafa verið ölvaður kvöldið áður. Þá segir í vottorðinu, að engin vínlykt hafi verið af aðalstefnanda, þegar komið var með hann á slysavarðstofuna, og að hann hafi ekki heldur haft „það útlit, sem bent gæti á meiri háttar áfengisneyzlu síðustu 24 klukkustundirnar.“

Aðalstefndi hefur skýrt svo frá um áfengisneyzlu sína þetta kvöld, að hann hafi verið búinn að drekka a. m. k. tvo snafsa, þegar hann kom í veitingahúsið, en þangað fór hann til að sitja árshátíð Hestamannafélagsins Fáks. Hófst hún með sameiginlegu borðhaldi, en aðalstefndi kveðst aðeins hafa borðað súpuna og að því loknu staðið upp frá borðum, farið á barinn og fengið sér að drekka. Aðalstefnandi hefur sagt, að aðalstefndi hafi aug-



sýnilega verið drukinn. Vitnið Ragnar Kristjánsson, sem kom að aðiljum, eftir að átök höfðu orðið milli þeirra á Auðarstræti og Snorrabraut, eins og síðar mun rakið, segir, að aðalstefndi hafi verið mikið drukinn eða mikið vankaður.

Þegar aðalstefndi kom fyrir bæjarþingið 31. marz s.l., sagði hann m. a., að hann hefði verið með á að gizka 5.000.00 krónur, þegar hann fór á skemmtunina í Storkklúbbnum, þar af um 1.200.00 kr. í smáseðlum. Taldi hann sig hafa eytt 1.100.00—1.200.00 á skemmtuninni. Hann kvaðst hafa hitt ungan mann, sem séð hefði, hve mikið hann hafði af fé. Sagði hann sig gruna, að þetta hefði verið aðalstefnandi, en tók fram, að ekkert gæti hann um það fullyrt.

Fram er komið, að eftir miðnætti þessa nótt, þ. e. aðfaranótt 5. febr. 1961, hittust málsaðiljar úti fyrir veitingahúsinu, sem áður er nefnt. Telur aðalstefnandi og vitnið Vilhjálmur Ásmundsson, að klukkan hafi þá verið um tvö. Aðalstefndi segist hins vegar hafa búið sig undir að hverfa á braut, áður en skemmtuninni lyki, vegna starfs síns, en segist þó hafa tafizt. Er þeir aðiljarnir hittust, var aðalstefnandi að búast til brottfarar í bifreið sinni, sem vitnið Vilhjálmur Ásmundsson ók. Með þeim var vitnið Reynir Guðmundsson. Aðalstefndi var einnig búinn til brottferðar og svo kona hans, og var hann að svipast um eftir leigubifreið. Segja þau hjón bæði, að aðalstefnandi hafi kallað á aðalstefnda með nafni og boðið honum far. Aðalstefnandi og félagar hans segja einnig, að aðalstefnandi hafi boðið farið, en aðalstefnandi neitar því að hafa þekkt aðalstefnda, en hins vegar hafi komið upp í samtali þeirra, að þeir byggju báðir í Hlíða-hverfinu.

Þau hjón fóru inn í bifreið aðalstefnanda og settust í aftursæti, aðalstefndi hægra megin. Í framsætum voru þeir félagarnir þrír, Vilhjálmur við stýrið lengst til vinstri, þá Reynir, en aðalstefnandi lengst til hægri, fyrir framan aðalstefnda. Aðeins tvær dyr voru á bifreiðinni, og þurfti að leggja fram annað tveggja sætisbaka á framsætum, svo að komizt yrði í aftursætin eða úr þeim og út úr bílnum. Vilhjálmur ók síðan af stað. Segist aðalstefnandi hafa beðið hann að fara í Auðarstræti, en kveðst ekki viss um, að aðrir hafi heyrt þau tilmæli. Vilhjálmur kveðst hafa spurt aðalstefnanda, hvert skyldi halda, „og var hann að tala um Auðarstræti, en það mun víst enginn hafa heyrt nema ég, því ekkert var talað um það frekar.“

Ekið var sem leið liggur um Frikirkjuveg, Lækjargötu, Hverf-

isgötu, Snorrabraut, síðan væntanlega um Flókagötu og beygt inn í Auðarstræti. Aðalstefnandi skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að á leið inn Hverfisgötu hefði hann farið „að tala um peningaupphæðir við Karl, en það var gert í gríni og fylgdi engin alvara, enda voru upphæðir þessar allt frá kr. 5.00 og upp-úr.“ Í sáttakæru, sem aðalstefnandi staðfesti síðar á bæjarþingi, segir: „Á leiðinni austur Hverfisgötu hafði ég orð á því í gamni, að Karl yrði að greiða fyrir farið. Voru nefndar ýmsar upphæðir, en ekki kom mér til hugar að taka af hjónunum gjald fyrir öku-förina, enda ætlaði ég, að þau hlytu að skilja, að hér var um ræða gaman eitt og annað ekki.“ Þegar aðalstefnandi kom fyrir bæjarþingið og staðfesti atvikalýsinguna í sáttakærunni 30. apríl 1964, tók hann fram, að „það hafi verið Karl, sem byrjað hafi að tala um peninga, og hafi hann, þegar hann kom upp í bílinn, sagt, að hann gæti borgað bílinn.“ Sagði aðalstefnandi, að sig minnti, að aðalstefndi hafi í þessu sambandi talað um 25 krónur, en að hann sjálfur hefði talað um ýmsar fjárhæðir upp í 100 krónur en ekki hærri.

Aðalstefndi sagði frá ökuferðinni hjá rannsóknarlögreglunni 9. febrúar 1961, og var þá m. a. bókað: „Fljótlega eftir að við lögðum af stað, fór þessi drukkni piltur að tala um það, að þessi ökuferð yrði mér dýr, því svona ferðir kostuðu peninga. Ég tók þetta sem ölvunarröfl og anzaði því engu, þar til að bílnum var ekið inn á einhverja hliðargötu og þar stöðvaður.“ Þessa skýrslu staðfesti aðalstefndi fyrir bæjarþinginu 31. marz 1964, en bætti því við, að hann myndi ekki, hverjar upphæðir hefðu verið nefndar.

Kona aðalstefnda, Ólöf Markúsdóttir, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 10. febrúar 1961, og var þá m. a. bókað: „Fljótlega eftir að við vorum lögð af stað, sneri þessi drukkni piltur sér að hálfu við í sætinu og byrjaði strax að reyna að erta Karl, en Karl var það mikið drukkinn, að hann sinnti því engu. Á leiðinni var þessi piltur alltaf að tala um það, hvað Karl gæti greitt mikið fyrir bifreiðina og nefndi háar tölur í því sambandi.“ Í lok bókunarinnar stendur: „Ég vil geta þess hér strax, að ég varð mjög hrædd við þessa pílta, strax og farið var að heimta peninga fyrir ökuferðina, og er ekið var þessi útúrkrókur, hélt ég satt að segja, að nú ætti að ræna Karl, því annað fannst mér ekki koma til greina hjá þessum piltum.“ Reynir Guðmundsson, sem sat við hlið aðalstefnanda í bifreiðinni, sagði hjá rannsóknarlögreglunni 9. febr. 1961 m. a. samkvæmt bókun: „... var síð-

an ekið af stað, og þá fór Karl að tala um það, að bill heim til hans mundi kosta kr. 25.00, en Jón sagði, að kostnaðurinn yrði kr. 75.00, og virtist mér það sagt í gríni. Það var svo á Hverfisgötunni, að þeir voru að ræða um kostnaðinn og voru að smá lækka hann báðir.“

Bifreiðarstjórinn, Vilhjálmur Ásmundsson, gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu 10. febrúar 1961, og var þá m. a. bókað: „Ég ók svo upp Hverfisgötuna, og á þeirri leið var Nonni að stríða Karli með því að krefja hann um ökugjald, og nefndi hann upphæðina 125.00 kr., 75.00 kr. og 40.00 kr. Ég sá það á Nonna, að hann var að þessu pexi í gríni og var að stríða Karli.“

Það er óumdeilt í málinu, að aðalstefnandi hafi beðið Vilhjálm Ásmundsson að aka í Auðarstræti. Skýrir Vilhjálmur svo frá, að hann hafi stöðvað bifreiðina hjá húsi þar við götuna að ósk aðalstefnanda, sem hafi ætlað að athuga, hvort ljós væri þar í glugga, og síðan hafi hann ekið „tvisvar aftur á bak og áfram stuttan spöl þó.“ Er ekki deilt um þetta atriði í málinu, en hins vegar eru framburðir að verulegu leyti samhljóða um það, sem í sama mund gerðist inni í bifreiðinni. Um þetta segir aðalstefnandi í skýrslu, sem hann gaf rannsóknarlögreglunni 18. marz 1961: „Karl var rólegur í bílnum, þar til við stöðvuðum í Auðarstræti, og hreyfði engum mótmælum, fyrr en ég bað Villa um að bakka. Við Karl fórum að munnhöggvast þarna í bílnum lítilsháttar og endaði það með því, að ég sagði við Karl: „Ef þú ætlar að yfirtaka bílinn, verður þú að greiða kostnaðinn á móti mér.“ Um leið og ég sagði þetta, klappaði ég Karli, og klappaði ég honum á annað hnéð. Villi var þá búinn að bakka bílnum og farinn að aka af stað aftur, þá sneri ég mér við og ætlaði að tala við Karl, en þá skipti það engum togum, að Karl sló mig eitt högg, og kom það á vinstra gagnauga. Villi stoppaði þá, og þá sagði ég Karli og konunni að fara út úr bílnum. Ég man ekki eftir því að hafa rifið í vestið hans og því síður að hafa slitið það af. Það næsta, sem ég man, var það, að við vorum komnir út úr bílnum ...“ Aðalstefnandi kvað þessa atvikalýsingu rétta, þegar hann kom fyrir bæjarþingið 30. apríl 1964. Þá sagði hann einnig rétta avikalýsingu í sáttakæru, en þar segir m. a., að aðalstefnandi hafi, er hann hafi fengið högg frá Karli, setið í framsæti hægra megin og snúið baki í hurðina og því snúið vinstri vanga að Karli. Kvaðst aðalstefnandi hafa borið hendur fyrir sig og byrgt höfuðið, en sagt hjónunum að fara út úr bílnum. Aðalstefnandi segir í sáttakærunni, að sér hafi virzt hann kenna dofa

í höfðinu eftir höggið. Hann segir konu aðalstefnda hafa farið orðalaust út úr bifreiðinni, en aðalstefnda sjálfan hafa þrefað eitt-hvað frekar og síðan talað um, „hvort hann vildi slást.“

Aðalstefndi skýrir með öðrum hætti frá því, er gerðist í bifreiðinni í Auðarstræti. Var bókað eftir honum á þessa leið hér að lútandi hjá rannsóknarlögreglunni 9. febrúar 1961: „... bílnum var ekið inn á einhverja hliðargötu og þar stöðvað. Ég spurði þá, hvort ekki væri meiningin að aka okkur heim, en þá fór þessi drukknir að tala um að ná í „skvísur“, og einnig var hann að tala um benzínvöntun og einnig, að hann vantaði peninga. Þessir tveir félagar þess drukknar lögðu ekkert til málanna. Ég spurði þá öllumanninn, hvort þeir vildu ekki vera svo góðir að hleypa okkur út, því við gætum gengið það, sem eftir væri af ferðinni. Þessari bön minni var ekki anzað, og þá greip konan mín í taumana, þar sem þessi drukknir var farinn að gerast frekur, og greip hann í hálsklútinn og hélt mér. Konan mín sneri sér þá að bifreiðarstjóranum og heimtaði, að okkur yrði hleypt út, og varð hann við þeirri ósk og stóð upp, og þá komst konan út, en er ég ætlaði að nota tækifærið og komast einnig út, reif þessi drukknir í kjólvestið mitt og svipti því af. Ég gat þá náð í vestið aftur og reif það af honum, og fékk ég konunni vestið, um leið og ég ruddist út...“

Ólöf Markúsdóttir, eiginkona aðalstefnda, gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu 10. febrúar 1961, sem fyrr er ritað. Í bókun lögreglunnar, sem Ólöf hefur staðfest, segir m. a.: „Það var svo ekki, fyrr en stöðvað var í Auðarstræti, að ég spurði piltana, hvort ekki væri meiningin að aka okkur heim. Þessari spurningu minni var ekki svarað, og þá bað ég bifreiðarstjóran um að hleypa okkur út, en því var heldur ekki sinnt. Sá drukknir spurði Karl að því, hvort hann ætlaði ekki að borga, og um leið kippti hann í trefilinn eða vestið hans. Ég byrsti mig þá og spurði, hvort ekki væri hægt að komast út úr bílnum, og þá sagði sá drukknir: „Hleypum þakkinu út.“ Bifreiðarstjórinn stóð þá upp, svo að ég gat komist út, og rétt í því rétti Karl mér vestið sitt, og munu einhver átök hafa orðið í bílnum, eftir að ég var kominn út, en hver þau voru, veit ég ekki. Rétt á eftir komst Karl út úr bílnum...“

Reynir Guðmundsson sagði rannsóknarlögreglunni þannig frá atburðinum í bifreiðinni í Auðarstræti: „Jón sagði þá, að þeir væru komnir fram fyrir húsið, er stúlkan byggi í, og lét Vilhjálmm bakka bílnum, aka síðan áfram og bakka enn. Karl varð þá stúrin og vildi halda áfram, og þá sagði Jón, að hann væri með

bílinn, en ekki Karl. Karl og Jón fóru að rifast um þetta, og man ég, að Karl sló Jón eitt högg í andlitið, og kom það á vinstra gagnauga. Jón vankaðist eitthvað við það, og þá varð hann eins og hann væri ölvaður eftir. Ég man, að Jón greip í brjóstið á Karli, og þá rifnaði eitthvað, því að Karl tók þetta vesti sitt og fékk konunni, sem þá var komin út úr bílnum. Karl fór síðan út úr bílnum eftir nokkurt þóf ...“ Reynir kom fyrir bæjarþingið 11. maí 1964 og sagði þá, að hann hefði lítið horft aftur í bílinn. Hefði það fyrsta, sem hann sá af átökum, verið, er aðalstefndi hefði slegið aðalstefnanda þarna í bílnum..

Vilhjálmur Ásmundsson sagði rannsóknarlögreglunni frá á þessa leið: „Nonni og Karl voru að pexa þarna í bílnum, og gaf ég því engan gaum. Ég man þá, að Nonni sneri sér við í sætinu og klappaði eitthvað á brjóstið á Karli og var að tala um, að hann ætti að greiða kr. 75.00 fyrir aksturinn, en svarið, sem Nonni fékk, var mikið högg, sem mun hafa komið á ennið og gagnaugað á Nonna. Ég var þá kominn af stað aftur, og strax og Karl sló, stoppaði ég bílinn. Ég sá þá, að Nonni fálmaði eitthvað í Karl og virtist mér það vera til þess að fyrirbyggja, að hann fengi annað högg, en ég er viss um, að Jón sló ekki til Karls. Ég sagði þá hjónunum að fara út úr bílnum, og um leið stóð ég upp og hleypti konunni út mín megin, en þá sá ég, að Karl rétti henni vestið sitt og hélt áfram að pexa við Nonna, og var það komið út í það, að Karl var að mana Nonna í slagsmál við sig. Einhver orðaskipti urðu um það, en engin átök frekar í bílnum ...“

Næst þarf að rekja það, sem fram er komið um atburði þá, er urðu í Auðarstræti utan við bifreið aðalstefnanda. Sjálfur sagði aðalstefnandi svo frá hjá rannsóknarlögreglunni: „Það næsta, sem ég man, var það, að við vorum komnir út úr bílnum og stóðum á gangstéttinni við bílinn, en þá sló Karl mig aftur, og kom það högg á svipaðan stað og það fyrra, en ég greip þá utan um hann, Karl, til þess að fyrirbyggja, að hann gæti slegið mig aftur, en þá fór Karl að sprikla, og þá féllum við í götuna, og þá féll Karl utan í steinvegginn þarna, en ég féll ekki alveg, heldur hraut við fót og stóð strax á fætur aftur. Karl stóð sjálfur á fætur og byrjaði strax að tala um að kæra mig fyrir eitthvað, en hvað það var, fékk ég ekki út hjá honum. Karl tók þá upp hjá sér bílnúmerið og fór síðan af stað og gekk upp þetta sund og upp á Snorrabraut, en ég fór á eftir honum og vildi fá hann með mér niður á lögreglustöð ...“ Í sáttakæru segir aðalstefnandi frá með sama hætti, en bætir því við, að aðalstefndi hafi, þegar

hann var kominn út úr bílnum, talað um, hvort Jón vildi slást og að hann hafi gert sig líklegan til að slá til Jóns.

Í skýrslu þeirri, sem aðalstefndi undirritaði hjá rannsóknarlög-reglu, segir: „Það skipti litlum togum, að eftir að ég var kominn út, kom þessi drukknari einnig út og réðist að mér, og mun hann hafa slegið mig, því gleraugun mín þeyttust af mér, og við féllum saman í götuna. Piltarnir tveir, er voru með þessum drukknara, komu mér til hjálpar og drógu piltinn ofan af mér og héldu honum, en ég vildi þá fara í burtu hið fljótasta og reyna að ná í hjálp konunnar vegna, því að við öllu mátti búast af þessum drukknara manni og hann þar að auki búinn að sýna tilraun til mannráns, þar sem ekið var með okkur hjónin í útkróka og bifreiðin stöðvuð þar og farið að tala um peninga. Ég bjóst sem sagt þá strax við fjárkúgun og vildi vera við öllu búinn, enda er ég 60 ára gamall og ekki byggður til sterkrar sjálfsvarnar. Konan var hins vegar að umvanda fyrir piltunum, en ég hljóp út á Snorrabraut ...“

Kona aðalstefnda segir, að aðalstefnandi hafi ráðið að manni hennar, þeir gripið hvor í annan, en aðalstefnandi náð haustaki á Karli, snúið hann niður og haft hann undir. Hún segir, að félagar aðalstefnanda hafi tekið Jón ofan af Karli og Karl farið burt, en piltarnir tveir rétt henni trefil manns hennar, gleraugu og hatt.

Reynir Guðmundsson segir, að aðalstefndi hafi, eftir að hann var kominn út úr bílnum, manað aðalstefnanda til að koma út og slást við sig. „Jón fór þá út úr bílnum,“ segir í skýrslu Reynis til rannsóknarlögreglu, „og skipti litlum togum, að þeir Karl og Jón hlupu saman. Ég man, að Jón hélt Karli frá sér, og síðan hratt hann Karli, svo hann féll á steinvegg þarna og utan í hann, og þá fuku gleraugun af honum, og um leið og Karl féll, féll Jón ofan á hann. Ég sá ekki, að þeir Karl eða Jón hafi slegið hvor annan þarna fyrir utan bílinn. Það var Jón, sem lenti ofan á Karli, og er þeir voru fallnir, fórum við Villi til og tókum Jón ofan af Karli. Við gátum haldið þeim aðskildum, Karli og Jóni, og réttum við Karli hattinn hans og gleraugun, og fór Karl í burtu ...“

Eftir Vilhjálmí Ásmundssyni var bókað hjá rannsóknarlög-reglunni 10. febr. 1961: „Nonni kom svo til okkar, og man ég ekki vel hvernig það atvikaðist, en ég man það, að Karl sló til Nonna, og kom það högg einhvers staðar í höfuðið á Nonna, og þá sá ég, að Nonni greip utan um Karl og slengdi honum til, svo Karl féll í steinvegginn, og þá missti hann gleraugun, og eitt-

hvað mun hann hafa rispast á hægra kinnbeini við það. Við Reynir hlupum strax til og skildum þá, en um leið og Karl féll á vegginn og í götuna, féll Nonni ofan á hann. Ég sá aldrei, að Nonni reyndi neitt að slá Karl þarna. Er við Reynir höfðum skilið þá að, fór Karl aftur fyrir bílinn og tók upp númerið á bílnum og sagðist ætla að kæra okkur. Ég man, að við réttum konunni, sem kom í alla staði vel fram, hattinn hans Karls og gleraugun. Við fórum að tala við konuna þarna, en Karl gekk í burtu og upp sunðið, sem liggur upp á Snorrabrautina.“

Aðalstefnandi skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá 18. marz 1961, að hann hefði farið á eftir aðalstefnda og viljað fá hann með sér á lögreglustöðina. „Er ég kom að Karli,“ segir í skýrslunni, „lagði ég hendurnar á axlirnar á honum, og þá sneri hann sér við og sló mig enn og þá nokkur högg, en í því kom bíll þarna að, og þá hætti hann að slá mig, og þá settist ég á vegginn þarna, og eftir það man ég þetta allt í slitrum ...“ Í sáttakæru segir aðalstefnandi, að aðalstefndi hafi undið sér snögg að honum og slegið hann mikið högg, sem aðalstefnandi segir, að sig minni, að komið hafi á vinstri vanga eða kjálka. Fyrir bæjarþingi 30. apríl 1964 kvaðst aðalstefnandi muna vel allt það, sem gerðist þetta kvöld, þar til hann og Karl voru komnir upp á Snorrabraut, og hann lagði hönd á axlir Karli. Sagði hann Karl þá hafa snúið sér við og slegið sig, en eftir það kvaðst hann muna slitrótt það, sem gerðist.

Aðalstefndi sagði rannsóknarlögreglunni, að hann hefði gert árangurslausu tilraun til að stöðva bifreið á Snorrabraut, „og vissi ég þá ekki fyrr til en gripið var í öxlina á mér og mér snúið við, og var þá kominn þessi drukkni einu sinni enn,“ eins og í skýrslunni segir, „og skipti það engum togum, að við lágum báðir í götunni, en þá þar þarna að bifreið, er í voru þrír piltar, og gripu þeir inn í þetta og komu mér til hjálpar.“

Kona aðalstefnda segir, að aðalstefnandi hafi verið ofan á Karli, er hún kom á Snorrabrautina, en nokkrir bílar komið að um sama leyti. Fyrir bæjarþinginu kvað hún báða hafa legið í götunni og velzt þar.

Reynir Guðmundsson sagði rannsóknarlögreglunni, að aðalstefnandi hefði verið orðinn „stúrin“ er aðalstefndi var á braut genginn úr Auðarstræti, „og vildi endilega fá Karl með sér niður á lögreglustöð, og gátum við ekki tjónkað við Jón, og fór hann því á eftir Karli. Ég gekk í humátt á eftir Jóni, sem hljóp á eftir Karli, og er ég var kominn í þetta sund, sá ég, að Karl stóð

uppi á gangstéttinni á Snorrabraut og sneri baki í Jón, og sá ég, að Jón greip með báðum höndum í axlirnar á Karli og sneri honum við. Ég sá, að þarna mundu verða læti, og því sneri ég við og hugðist sækja Vilhjálm mér til hjálpar við að skilja þá. Er ég var kominn niður í Auðarstræti, sá ég hvergi bílinn og sneri því fljótlega við aftur, og er ég kom upp á Snorrabraut, sá ég, að bíllinn okkar var þarna rétt hjá, og um leið sá ég, að Jón hékk við grindverkið í sundinu, en Karl var að fara inn í einhvern bíl ...“

Rannsóknarlögreglan bókaði eftir Vilhjálm Ásmundssyni: „Nonni var að tala um að fara strax niður á lögreglustöð, og er Karl fór upp sundið, fór Nonni á eftir honum, og hljóp hann. Ég reiknaði með frekari átökum og bað því Reyni um að elta þá. Reynir fór þá á eftir þeim og konan, en ég fór upp í bílinn og ók út á Miklubraut, og er ég kom á hringtorgið, sá ég, að þeir voru komnir saman Karl og Nonni og voru að slást. Ég að aka (sic) hringinn á torginu og út á Snorrabrautina, en er ég stoppaði á móts við sundið, fór ég strax út úr bílnum, en þá voru þessi átök hætt, og það var komið þarna að fólk, og sá ég, að einn maður var að leiða Karl yfir í Ford bifreið, árgerð 1955. Nonni stóð þá í sundinu utan í grindverki þar og var mikið vankaður, og hélt hann annarri hendinni fyrir munninn og undir hökuna, og var hann blóðugur.“

Það er fram komið, að bifreið sú, er var stöðvuð þar hjá, er málсаðiljarnir áttu í átökum, var leigubifreið, sem í voru þrír ungir menn auk bifreiðarstjóra. Þremmingarnir hafa allir gefið skýrslu.

Páll Kristjánsson (18) ára), skýrði lögreglunni frá á þessa leið 15. febrúar 1961:

„Við vorum þarna þrír félagar, ég, bróðir minn Ragnar og Theodór Guðmundsson. Við vorum í leigubifreið frá B.S.R. Við vorum að koma eftir Snorrabrautinni til suðurs, og er við vorum rétt komnir að akreinaskeiðunni, sagði einhver, þarna eru slagsmál. Um leið tók ég eftir tveim mönnum, er voru að slást þarna á gangstéttinni, og virtust þeir vera í hörku slagsmálum eða það sem kallað er „kýlingum“. Bílstjórinn stoppaði þarna rétt hjá og þá tók ég eftir því, að annar þeirra, er var að slást, var gamalmenni, og var hann mjög illa til reika, skítugur, blóðugur og marinn í andliti. Flíbbinn á skyrtunni var einnig rifinn. Maðurinn kom að bílnum til okkar og bað okkur um að hjálpa sér, því ráðizt hafi verið á sig. Kona mannsins var með honum,



að mig minnir, og kom hún strax inn í bílinn, og þá sneri maðurinn sér við og gekk að þessum pilti, er hafði verið að slást við hann, og sló hann eitt högg, eftir því sem bílstjórinn segir, með vinstri hendinni. Maðurinn kom síðan inn í bílinn. Við fórum allir út úr bílnum, en skiptum okkur ekkert af þessum slagsmálum. Er maðurinn var kominn inn í bílinn, ókum við þeim hjónum heim til þeirra, og þá var konan að tala um það, að þessir piltar, er hefðu verið þarna, hefðu ætlað að ná peningum af gamla manninum eða orðrétt sagði hún: „Það hefur eflaust vakað fyrir þeim að hafa út úr honum peninga.“ Maðurinn var að tala um það að hafa samband við lögregluna, og þá skrifuðum við upp númerið á bílnum, er hann hafði verið í. Gamli maðurinn var mjög sár, er hann kom inn í bílinn, en ekki virtist hann reiður. Konan tók þessu furðanlega stillilega, og virtist hún vera ódrukkinn.“

Páll Kristjánsson hefur ekki komið fyrir bæjarþingið.

Bróðir Hafsteins, Ragnar Kristjánsson (f. 3. febr. 1944), gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu 15. febrúar 1961. Hann skýrir svo frá, að aðalstefndi hafi beðið þá hjálpar, er í leigubílnum voru. „Hann fór síðan,“ segir í skýrslu Ragnars, „aftur að þessum pilti, er hafði verið að slást við hann, og sló hann eitt högg, en ekki tók ég greinilega eftir því, hvar höggið kom, en hann hitti hann örugglega.“ Ragnar sagði, að konan hefði talað um, „að þessir piltar, er ráðizt höfðu á gamla manninn, hefðu ætlað að ná af honum peningum. Gamli maðurinn var hins vegar mikið drukkinn eða mikið vankaður.“ Ragnar kom fyrir bæjarþingið 31. marz 1964. Hann kvaðst hafa séð áflog þeirra málsaðilja út úr bílnum og sagði, að þeir hefðu skipzt á höggum og verið að tuskast. Ekki kvað hann þá, er í leigubifreiðinni voru, hafa skilið þá Jón og Karl. Þá sagði Ragnar, að aðalstefndi hefði, þegar hann kom upp í bílinn, verið skrámaður, blóðugur og mikið vankaður. Hann taldi, að aðalstefnandi hefði staðið á gangstéttinni, þegar aðalstefndi hafði snúið við frá bílnum, gengið að Jóni og slegið hann eitt högg. Hann kvaðst hafa séð tvo pilta leiða Jón burt á milli sín, en ekki sagðist hann muna, hvort þeir hefðu verið þarna, þegar hann kom á staðinn, eða hvort þeir hefðu komið þangað á eftir honum.

Þriðji farþeginn í leigubifreiðinni var Theodór Guðmundsson (fæddur 2. ágúst 1944). Hann gaf skýrslu á bæjarþingi 31. marz 1964. Hann sagðist þá lítið muna um atburðinn, en það helzta væri, „hve honum fannst undarlegt að sjá stóran ungan mann vera að

slást við gamlan mann.“ Þá sagði Theodór, að hann hefði séð mennina slást, þ. e. skipzt á höggum, en átökunum hafi verið eins og sjálfhætt, þegar þeir Theodór og félagar hans voru komnir út úr bílnum. Hann sagði, að sig minnti, að „gamli maðurinn“ hefði legið á hnjúnum, en ungi maðurinn legið utan í vegg.

Nú hafa verið raktir þeir framburðir, sem til eru um átök aðilja máls þessa aðfaranótt 5. febrúar 1961. Eftir að aðalstefndi fór heim á leið í leigubifreiðinni, sem þarna kom að, fóru þeir félagar aðalstefnanda með hann á lögreglustöðina, að því er þeir báðir segja, og þaðan heim, án þess að lögreglan hefði afskipti af aðalstefnanda. Mun ekki neitt bókað hjá lögreglunni um komu þremminganna.

Aðalstefndi, Karl Þorsteinsson, bar nokkur merki um átökin, og segir um þau í vottorði Þórðar Þórðarsonar læknis, sem dagsett er 9. febrúar 1961:

„Hefi í dag skoðað hr. Karl Þorsteinsson ....

Hann er marinn í kringum bæði augun, einkum þó það vinstra.

Marblettur er geislabeinsmegin á h. framhandlegg, ofan við úlnlið.“

Meiðsli aðalstefnanda voru miklum mun meiri, og liggja ýmis læknisvottorð fyrir um þau. Er þar fyrst að geta vottorðs Slysavarðstofu Reykjavíkur, sem var undirritað 13. febrúar 1961 af Tryggva Þorsteinssyni lækni. Segir þar, að komið hafi verið með aðalstefnanda á stofuna 5. febrúar vegna meiðsla á höfði, enda hafi hann eftir atburðina nóttina áður stöðugt kastað upp og haft mikinn verk í vinstri neðri kjálka. Þá segir í vottorðinu:

„Skoðun: Við komuna hingað er sjúkl. fökur og allþjáður. Púls og Blþrýst. er eðlil. Virðist hann muna alla atburðarásina. Engin vínlykt er af Jóni. Ekki hefur hann heldur það útlit, sem bent gæti á meiri háttar áfengisneyzlu síðustu 24 klukkustundirnar. Kvartar mjög um verki í vi. neðri kjálka og upp í gagnaugað vi. megin. Getur lítið opnað munninn, finnst þá braka í kjálkanum. Mikill þroti er á kinninni vinstra megin og út á kjálkabarðið og upp á gagnaugað. Tannholdið innst í neðri kjálkanum vi. megin er bólgið, en ekki sjáanleg frísk blæðing né opið sár. Tennur virðast ekki lausar í kjálkanum. Þreyfing (palpation) á neðri kjálkanum gefur svo ákveðinn grun um, að um kjálkabrot sé að ræða, að ekki þykir ástæða til að taka Rtg. mynd þá strax, heldur senda sjúkl. til Tannlæknadeildarinnar til meðferðar.

Gerð var grófari neurolog. skoðun, sem sýndi eðlilegt ástand burtséð frá svima og ógleði, þegar sjúkl. settist upp. Skoðun á út-

limum og bol sýndi eðlilegt ástand. Einnig voru hreyfingar í baki og í hálsliðum eðlilegar.

Þrem dögum síðar var tekin Rtg. mynd af vi. neðri kjálka, sem sýndi brot á kjálkanum, og staðfesti þannig hina klinisku diagnosis. Sjúkdómsgreiningin er:

Fract. mandibular sin (kjálkabrot á vi. kjálka).

Commotio cerebri (heilahristingur).

Hvað snertir framtíðarhorfur og afleiðingar (sequele) meiðslanna, þykir mér sennilegt, að Jón eigi að ná sér að fullu á næstu 4—6 mán.“

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð frá röntgendeild Landspítalans um árangur myndatöku 8. og 13. febrúar og 13. marz 1961. Þá hefur verið lagt fram vottorð Jóns Sigtryggssonar prófessors, dagsett 7. desember 1962, svohljóðandi:

„Jón Viðar Viggósson var sendur til Tannlæknadeildarinnar frá Slysavarðstofunni til aðgerða á neðrikjálkabroti.

Við komuna er sjl. meðtekinn, með einkenni um léttan heilahristing (svimi, ógleði), og er því beðið í 2 daga með aðgerðina. Sjl. hefir góðar, velhirtar tennur, og 11—2—61 eru því lagðir labialbogar í efri og neðri góm, og síðan reimað saman í occlusionsstöðu, og fæst þá allgóð lega á brotinu, sem var aftan við + 7 vinstra megin.

Fljótlega fór þó að bera á bólgu, við næstu 2 jaxla framan brotsins, og þó ræktað væri frá bólgunni og sjl. fengi antibíotisk lyf, tók bólgan sig upp aftur og aftur, og þótti þá sýnt, að 2 öftustu jaxlarnir hefðu svo laskazt við brotið, að þeim myndi vart bjargað.

Fór svo, að sjl. þurfti að láta taka jaxlana tvo á ferðalagi, vegna bólgu og verkja.

Gera má ráð fyrir, að tyggingargeta Jóns hafi við það minnk- að um 25—30%.

Tyggingarfletir tanna falla nú allvel saman, en nokkurrar andlitsskekkju gætir.“

Í málinu hafa verið lagðir fram nokkrir reikningar vegna kostnaðar aðalstefnanda af sjúkrabifreiðarleigu, lyfjakaupum og röntgenmyndatökum, og gerir aðalstefnandi kröfu á grundvelli þeirra um endurgreiðslu á kr. 749.05, en reikningarnir virðast lítið eitt hærri samtals. Þá hefur aðalstefnandi skýrt svo frá, að hann hafi, áður en átökin urðu aðfaranótt 5. febr. 1961, verið í föstu starfi hjá veitingahúsinu Lidó, enda hafi hann verið matreiðslunemi. Kvaðst hann hafa tafizt frá náminu vegna veik-

inda sinna, en þó hafa getað lokið prófi á réttum tíma. Þá kveðst hann hafa tafizt frá vinnu til 28. apríl 1961, en þá hafa hafið vinnu á ný með harmkvælum. Hann hafi verið óvinnufær og kauplaus í 83 daga, en verið vanur að vinna 8 klst. á degi hverjum og fengið fyrir vinnuna 45.00 kr. á klukkustund. Telur hann sig því hafa orðið af kaupi vegna áverkanna og að fjárhæð þessa tjóns sé kr. 29.880.00. Halldór Vilhjálmsson, Stóragerði 29, hefur gefið vottorð hér að lútandi, og er það þannig:

„Það vottast hér með, að Jón Viðar Viggósson, sem var nemandi hjá mér, var fjarverandi vegna veikinda á tímabilinu frá 4. febrúar til 30. apríl 1961, og var hann í tímavinnu á 45 kr. á tímann og vann 8 stundir á dag.“

#### *Málsástæður og lagarök:*

Af hálfu aðalstefnanda er byggt á þeirri atvikalýsingu hans, sem rakin er að framan. Því er haldið fram, að aðalstefnandi hafi boðið aðalstefnda og konu hans að aka þeim heim, þar sem þau hafi verið að leita að bifreið á hlaðinu utan við Storkklúbbinn við Fríkirkjuveg. Það hafi að vísu verið óþarft að hafa orð á kostnaði við ökuferðina, en þetta hafi verið í gamni mælt og upphæðirnar, er að var vikið, lágar, svo að alls engin ástæða hafi verið til að álykta, að aðalstefnandi hafi ætlað að hafa af aðalstefnda fé. Ekki hafi viðstaðan í Auðarstræti heldur gefið tilefni til ályktana í þessa átt, enda sú gata rétt við einhverja fjölförnustu umferðarbrautir Reykjavíkur og því ekki afvikinn staður. Þá er því mótmælt, að aðalstefnandi hafi talað um benzínvöntun og fjárskort. Því er haldið fram, að aðalstefnandi og félagar hans hafi allir verið vinnandi menn með sæmilegar tekjur og frá bjargálma heimilum, svo að þeir hafi sízt haft ástæðu til að afla sér fjár með glæpsamlegu framferði. Sé það firra ein, að ætlunin hafi verið að ræna aðalstefnda og hafi ekkert tilefni verið til þess, að aðalstefndi og kona hans gerðu sér slíkt í hugarlund.

Því er haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að aðalstefndi hafi að tilefnislausu greitt honum högg inni í bifreiðinni í Auðarstræti og síðan slegið hann á ný utan við bifreiðina þar í götunni og á gangstéttinni á Snorrabraut. Er þetta rakið nánar í því, sem tekið hefur verið upp hér að framan úr skýrslum aðalstefnanda. Vísað er til skýrslna bræðranna Ragnars og Páls Kristjánssona um, að aðalstefndi hafi slegið aðalstefnanda að óvörum, rétt áður en hann hvarf á braut.

Kröfur aðalstefnanda eru sundurliðaðar, sem hér segir:

|                                              |     |           |
|----------------------------------------------|-----|-----------|
| 1. Lyfjakostnaður o. fl. samkvæmt reikningum | kr. | 749.05    |
| 2. Atvinnutjón .....                         | —   | 29.880.00 |
| 3. Þjáningar, óþægindi og hneisa .....       | —   | 50.000.00 |
| 4. Lýti .....                                | —   | 50.000.00 |

---

Alls kr. 130.629.05

Fyrsti liðurinn er rökstuddur með því, að bent er á framlagningu reikninga, sem áður er getið um.

Annar liður er byggður á, að aðalstefnandi hafi verið frá vinnu til 30. apríl 1961, og er áður getið um þessa fjárhæð.

Þriðji liðurinn er rökstuddur með því, að veikindi aðalstefnanda hafi verið langvinn og kvalafull. Hafi honum verið svima-gjarnt eftir árásina og lengi síðan. Þá hafi orðið blaðaskrif um málsatvik og það valdið aðalstefnanda hneisu.

Fjórdi liður er rökstuddur með því, að aðalstefnandi sé skakkur í andliti vegna kjálkabrots og þess að taka varð úr honum tvo jaxla.

Sýknukrafan í gagnsök er á því byggð, að aðalstefnandi hafi ekkert gert, sem refsivert sé eða hafi valdið gagnstefnanda tjóni.

Af hálfu aðalstefnda (gagnstefnanda) er byggt á þeirri atvikalýsingu hans, sem rakin er hér að framan.

Því er haldið fram, að kallað hafi verið á aðalstefnda með nafni á hlaðinu við Storkklúbbinn og að þar hafi verið kominn aðalstefnandi, er ólmur hafi viljað fá að aka aðalstefnda og konu hans heim. Hafi þeim síðan þrátt fyrir loforð um annað verið ekið úr leið gegn vilja aðalstefnda og síðan verið numið staðar í Auðarstræti eftir boði aðalstefnanda. Þar hafi hann látið aka bifreiðinni fram og aftur eftir að hafa gefið í skyn, að hann vildi hafa peninga af aðalstefnda. Síðan hafi aðalstefnandi varnað aðalstefnda að komast út úr bifreiðinni og rifið af honum vesti og flibba. Eftir að aðalstefnda hafi tekizt að komast út, hafi aðalstefnandi slegið hann og þeytt honum á steinvegg, svo að gleraugun hrukku af honum og hann fengið áverka á andlit. Þá er því haldið fram af hálfu aðalstefnda, að aðalstefnandi hafi eftir þetta komið aðalstefnda í götuna og lagzt þar ofan á hann, unz hann hafi verið dreginn þaðan af félögum sínum. Að lokum hafi aðalstefnandi veitt aðalstefnda eftirför í árárhug og gert að honum aðför með barsmíðum og áflogum, er hann hafi verið kominn í næstu götu á flóttu og verið að reyna að ná í bifreið til að komast undan.

Af hálfu aðalstefnda er því mótmælt, að lemsstur þau, er fram

komu daginn eftir, að aðalstefnandi hafði hlotið, hafi verið af völdum aðalstefnda. Auk áðurrakinnar atvikalýsingar er í því sambandi tekið fram, að aðalstefndi sé maður miklu eldri en aðalstefnandi og ekki eins sterkur. Þá hafi aðalstefndi og verið undir áfengisáhrifum og því ekki líklegt, að hann hafi getað veitt aðalstefnanda slík högg, sem til hafi þurft. Þá er það og talið veita líkur fyrir því, að aðalstefnandi hafi ekki verið kjálkabrotinn, er hann hafi komið á lögreglustöðina, að ekki sé fram komið, að lögreglunni hafi verið bent á, að hann hefði hlotið slík lemskur eða hún neitt hafzt að.

Bótakrafa aðalstefnda er rökstudd með því, að hann hafi orðið fyrir miska vegna árásarinnar.

Í greinargerð lögmanns aðalstefnanda (gagnstefnda) í gagnsök er vikið að ferli aðalstefnda. Segir m. a., að hann hafi verið „gjarn til árása á menn, fyrr og síðar.“ Þá er vikið að því, að aðalstefndi hafi um eitt skeið rekið gistihús að Hellu á Rangárvöllum, „og fór það heldur úrhendis,“ eins og segir í greinargerðinni.

Þau ummæli, sem hér hafa verið tekin upp innan tilvitnunarmerkja, krefst aðalstefndi, að verði dæmd dauð og ómerk. Þá segir í greinargerðinni: „Eru auðvitað dylgjur hans og konu hans um tilraun til „mannráns“ og „fjárkúgunar“ uppi hafðar gegn betri vitund. Ef svo er eigi, sýna þær óvenjulega lágvaxið ímyndunarafl og benda til, að hjónin lesi lítt merkar bókmenntir“. Ummælin í síðari hluta þessarar klausu, frá orðunum „sýna þær óvenjulega lágvaxið ímyndunarafl . . .“, krefst aðalstefndi, að verði dæmd dauð og ómerk. Enn er í greinargerðinni að því vikið, að hjónunum beri ekki saman um atvik. „Skýrist þetta sjálfsagt af því, sem getið var hér á undan um menntun og hugarflug téðra hjóna“, segir í greinargerðinni. Þessi orð krefst aðalstefndi, að verði dæmd dauð og ómerk. Þá krefst aðalstefndi þess, að lögmaður sá, er ritaði greinargerð aðalstefnanda í gagnsök, Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, verði látinn sæta vítum.

#### *Álit dómara:*

Um málsatvik er þessa að geta:

Báðir málsaðiljarnir voru undir áhrifum áfengis, þegar þeir hittust utan við veitingahúsið Storkklúbbinn um tvöleйтиð aðfaranótt 5. febr. 1961. Aðalstefndi og kona hans þáðu boð aðalstefnanda um, að hann léti aka þeim heim í bifreið sinni. Eftir að lagt var af stað, tók aðalstefnandi að erta aðalstefnda með

því að þrátta við hann um ökugjald, og að frumkvæði aðalstefnanda var síðan numið staðar í Auðarstræti, áður en farið væri heim með aðalstefnda og konu hans.

Ekki er umdeilt, að aðalstefndi vildi ekki una viðstöðunni í Auðarstræti og að þrætur urðu milli aðilja málsins af þessu til efni. Segja aðalstefndi og kona hans, að þau hafi, áður en til meiri tíðinda dró, beðið um, að þeim yrði hleypt út. Þessu hefur verið sérstaklega mótmælt af hálfu aðalstefnanda, og er þetta ósannað. Þá er einnig ósannað, að aðalstefnandi hafi haft orð á, að hann vantaði fé og benzín, en hins vegar er óumdeilt, að talið snerist um ökugjald og það, hvort áfram skyldi haldið.

Aðalstefndi segir, að það hafi nú borið til tíðinda, að aðalstefnandi hafi tekið í hálsklút hans og haldið honum. Kona aðalstefnda segir, að aðalstefnandi hafi gripið í trefil eða vesti manns hennar og kafið hann um ökugjald. Sjálfur segist aðalstefnandi hafa „klappað“ aðalstefnda á hnéð. Reynir Guðmundsson segir ekkert hér að lútandi, en Vilhjálmur Ásmundsson segir, að aðalstefnandi hafi klappað „eitthvað á brjóstið á Karli“ og kafið hann um 75 króna ökugjald. Með þessum skýrslum er sannað, að aðalstefnandi hefur snúið sér að aðalstefnda og tekið í hann.

Aðalstefnandi og vitnin Reynir og Vilhjálmur segja allir, að aðalstefndi hafi nú slegið hinn fyrstnefnda á vinstra gagnauga, en aðalstefndi og kona hans víkja ekki í framburðum sínum beint að þessu atriði. Verður að telja, að með skýrslum þeirra Reynis og Vilhálms, sem koma heim við skýrslu aðalstefnanda og eru samrýmanlegar líkum, sem dregnar verða af því, er síðar gerðist, sé sannað, að þetta högg hafi verið greitt.

Framburðir þeirra Reynis og Vilhálms eru síðan í samræmi við skýrslu aðalstefnda um, að aðalstefnandi hafi eftir þetta rifið af honum vesti hans, og ber því að telja það atriði sannað.

Eftir þessa atburði barst leikurinn úr bifreiðinni og út á Auðarstræti. Aðalstefndi segir, að aðalstefnandi hafi ráðizt á sig, sennilega slegið sig, þeir báðir fallið í götuna og aðalstefnandi haft hann undir, en félagar hans skilið þá. Skýrsla konu aðalstefnda er sama efnis. Aðalstefnandi segir hins vegar, að aðalstefndi hafi slegið sig, en hann þá gripið til hans og felld hann, en í fallinu hafi aðalstefndi skolið á steinvegg. Reynir Guðmundsson segir, að aðilar hafi hlaupið saman, fallið í götuna og aðalstefndi í fallinu lent á steinvegg. Hann segir, að aðalstefnandi hafi haft aðalstefnda undir, en kveðst ekki hafa séð aðilja skiptast á höggum. Vilhjálmur Ásmundsson segir, að aðalstefndi hafi

slegið aðalstefnanda, þeir báðir fallið, en aðalstefndi lent á steinvegg.

Með tilliti til þessara skýrslna verður að telja, að ekki sé sannað, hvernig átök hófust á ný utan við bifreiðina eða að högg hafi verið greidd. Hins vegar er óumdeilt, að báðir féllu og að aðalstefndi skall á steinvegg, sem þarna er. Þá er sannað, að aðalstefnandi hafði aðalstefnda undir, en félagar aðalstefnanda skildu þá.

Eftir þetta fór aðalstefndi um húsasund frá Auðarstræti á Snorrabraut. Aðalstefnandi fór á eftir honum, og kom á ný til átaka. Óumdeilt er, að aðalstefnandi tók í axlir aðalstefnda, en að öðru leyti er ósannað, hvernig átök hófust þarna. Hins vegar er sannað með framburðum pilta, sem áður eru nefndir og komu þarna að í bifreið, að málsaðiljar slógu hvor til annars og að aðalstefndi sneri sér að lokum, eftir að aðalátökin voru um garð gengin, að aðalstefnanda og sló hann. Með framburðum Reynis Guðmundssonar, Vilhjálms Ásmundssonar og Theodórs Guðmundssonar er og sannað, að aðalstefnandi hafi eftir þessi átök legið utan í húsvegg. Var hann síðan leiddur burt af félögum sínum.

Ekki er fram komið, að aðalstefnandi hafi þessa nótt orðið fyrir öðru hnjaski en nú hefur verið frá sagt. Verður því að telja sannað, að lemistur þau, er hann hlaut, hafi verið af völdum aðalstefnda, og þykir verða að byggja á því, að aðalstefnandi hafi hlotið þau í síðasta hluta viðureignarinnar uppi á Snorrabraut. Hins vegar er ekki fram komið, hvort þau stöfuðu beint af höggum aðalstefnda eða af því, að aðalstefnandi hafi fallið í götu eða vegg í átökunum.

Verða nú kröfur aðilja athugaðar hver fyrir sig.

#### *Bótakröfur:*

Málsaðiljar voru báðir drukknir, og á aðalstefnandi nokkra sök á tjóni sínu vegna framkomu sinnar við aðalstefnda í bifreið sinni og utan við hana í Auðarstræti með því að fara á eftir honum upp á Snorrabraut, taka þar í axlir honum og gefa sig að áflogum við hann. Þykir aðalstefndi, sem, eins og áður greinir, þykir sannur að því að hafa slegið til aðalstefnanda, eiga að bæta aðalstefnanda tjón hans að  $\frac{3}{5}$  hlutum.

Byggja verður á skýrslu aðalstefnanda um fjártjón hans (kr. 749.05 og kr. 29.880.00). Miski aðalstefnanda þykir hæfilega bættur með kr. 40.000.00, enda ber hann varanleg andlitslýti. Samkvæmt þessu ber aðalstefnda að greiða aðalstefnanda 60% af



kr. 70.629.05, eða kr. 42.377.43. Þá ber honum að greiða vexti 7% p. a. af fyrrnefndri fjárhæð frá þeim degi, sem krafizt er, 28. apríl 1961.

Aðalstefndi hefur í gagnsök krafizt miskabóta úr hendi aðalstefnanda. Með tilliti til þess, að aðalstefndi varð offari í samskiptum aðilja og þess, að hann hlaut ekki verulegar ákomur, þykir eiga að sýkna aðalstefnanda (gagnstefnda) af þessari kröfu.

*Refsikröfur:*

Dómari hefur aflað sakavottorða málsaðilja. Aðalstefnandi er fæddur 9. nóvember 1941, en aðalstefndi er fæddur 26. apríl 1900. Á s.l. fimm árum hefur aðalstefndi einu sinni gengizt með sátt undir að greiða sekt fyrir verðlagsbrot. Aðalstefndi hefur á sama tíma fjórum sinnum gengizt undir að greiða sektir fyrir brot á umferðarlögum, áfengislögum og lögreglusamþykkt. Hinn 14. júlí s.l. var hann hér í borg dæmdur í 5.000.00 króna sekt og sviptur ökuleyfi í 18 mánuði fyrir brot á sömu réttarreglum.

Atferli aðalstefnda, sem að framan er lýst, þykir vera brot á 218. gr. laga nr. 19/1940.

Hinn 25. maí 1961 ritaði dómsmálaráðherra sakadómi Reykjavíkur á þessa leið:

„Eftir viðtöku bréfs sakadóms Reykjavíkur, dags. 17. þ. m., er fylgdi ásamt fylgiskjölum skýrsla rannsóknarlögreglunnar varðandi kæru Karls Svavars Þorsteinssonar á hendur Jóni Viðari Viggóssyni um líkamsárás, tekur ráðuneytið fram, að það fyrirskipar ekki frekari aðgerðir í máli þessu af hálfu hins opinbera.“

Í 217. gr. laga nr. 19/1940 er þeim, sem misgert er við, heimiluð sókn sakar, en slík heimild er ekki í 218. gr. laganna. Milli þessara tveggja lagagreina er náð samband, og hefur sá, er brýtur gegn 218. gr., framið sams konar brot og lýst er í 217. gr., en þó verður honum refsað eftir 218. gr. vegna þess tjóns, sem hann hefur valdið. Hér hefur ekki verið gerð krafa um refsingu eftir 218. gr. af þar til bærum aðilja, og þykir því verða að refsa eftir 217. gr.

Eins og áður er lýst, hafði aðalstefndi orðið fyrir áreitni aðalstefnanda, og urðu átök þeirra í milli. Ekki er þó næg ástæða til að nota ákvæðin í 12. gr. laga nr. 19/1940. Með tilliti til atvika og svo sakavottorðs aðalstefnda þykir rétt að nota heimild 4. gr. laga nr. 22/1955 um breytingu á 57. gr. laga nr. 19/1940 og fresta ákvörðun refsingar hans. Skal sá frestur þeim skilyrðum bundinn:

1. Að aðalstefndi gerist ekki sekur um nýtt brot næstu tvö árin eftir lögbirtingu dóms þessa.
2. Að hann greiði aðalstefnanda fyrrgreindar bætur ásamt vöxtum og málskostnaði.

Atferli aðalstefnanda, sem að framan er lýst, þykir vera brot á 217. gr. laga nr. 19/1940. Eins og áður segir, sætti aðalstefnandi harðræði af hálfu aðalstefnda. Ekki er þó næg ástæða til að nota ákvæðin í 12. gr. laga nr. 19/1940. Með tilliti til saka-vottorðs aðalstefnanda þykir rétt að nota heimild 4. gr. laga nr. 22/1955 um breytingu á 57. gr. laga nr. 19/1940 og fresta ákvörðun refsingar hans. Skal sá frestur því skilyrði bundinn, að aðalstefnandi gerist ekki sekur um nýtt brot næstu tvö árin eftir lögbirtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00, og hefur þá verið tekið tillit til þess til lækkunar, að dómkröfur aðalstefnda hafa að nokkru verið teknar til greina.

Hinn 31. október 1963 var lögð fram í málinu greinargerð í gagnsök af hálfu gagnstefnda (Jóns Viðars Viggóssonar), rituð af lögmanni hans, Gústafi A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni. Er þar viðhafður vītaverður ritháttur. Ekki er ástæða til að endurtaka í dómi þessum önnur ummæli en þau, sem krafizt hefur verið, að væru ómerkt, og hafa þau áður verið rakin. Ummælin hafa ekki verið réttlætt, og ber að ómerkja þau eftir lögjöfnun frá 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan. Málflutningsmenn aðilja voru hæstaréttarlömmennirnir Páll S. Páls-son og Gústaf A. Sveinsson, en málið var munnlega flutt af lögfræðingunum Þorsteini Júlíussyni og Hauki Bjarnasyni, og var það hluti af prófraun eftir lögum nr. 61/1942.

#### Dómsorð:

Aðalstefndi, Karl Þorsteinsson, greiði aðalstefnanda, Jóni Viðari Viggóssyni, kr. 42.377.43 ásamt 7% vöxtum p. a. frá 28. apríl 1961 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum..

Aðalstefndi, Karl Þorsteinsson, hefur gerzt sekur um líkamsárás, en ákvörðun refsingar skal frestað og hún niður falla, ef aðalstefndi gerist ekki sekur um nýtt brot næstu tvö

árin eftir lögbirtingu dóms þessa og greiði aðalstefnanda fyrrgreindar bætur ásamt vöxtum og málskostnaði.

Aðalstefnandi, Jón Viðar Viggósson, hefur gerzt sekur um líkamsárás, en ákvörðun refsingar skal frestað og hún niður falla, ef aðalstefnandi gerist ekki sekur um nýtt brot næstu tvö árin eftir lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli í greinargerð Gústafs A. Sveinsonar hæstaréttarlögmanns í gagnsök skulu vera ómerk.

Miðvikudaginn 27. apríl 1966.

Nr. 17/1966. **Pétur Gauti Hermannsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður Grímsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1966. Hefur honum verið veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði um framgang hins krafða lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað að fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í bréfi Hagstofu Íslands, dags. 12. apríl 1966, segir svo: „Samkvæmt beiðni upplýsist hér með, að Pétur Gauti Hermannsson, f. 26/6 1933, hefur haft aðsetur án lögheimilis á Drápuhlíð 21, Reykjavík, frá 20/5 1964, en lögheimili í Skriðuhreppi Eyjafjarðarsýslu, og er hann skráður svo enn.“